

löggiltum endurskoðanda að yfirskoða nefndar verzlunarbækur og reikninga og gera, eftir því sem unnt er, grein fyrir því, hversu mikill hagnaður hennar hefur verið af grenisölunni.

3. Starfsfólk kærðu skal yfirheyrð mjög nákvæmlega um sölu grenisins og hagnað kærðu af því. Sérstaklega skal Helga Pálsdóttir, sem gefið hefur skýrslu um sölu grenisins, prófuð ýtarlega og henni bent á, að ástæða sé til að ætla, að söluhagnaður af greninu sé mun meiri en í vottorði hennar og vætti greinir. Ber að sýna starfsfólkinu „kladda“ þann, sem lagður hefur verið fram í málinu, og gengið skal á það um, hvenær og í hvaða skyni skráð hafi verið í hann svo og hvers vegna blöð hafi verið skorin úr honum.
4. Kærða skal yfirheyrð um atriði málsins, henni skulu kynntir framburðir vitna, en á því hefur verið misbrestur, og ber að samprófa hana og vitni, eftir því sem ástæða verður til. Loks skal rannsaka öll þau atriði, sem framhaldsrannsóknin veitir efni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómara ber að framkvæma rannsókn um þau atriði, sem að framan greinir.

Mánudaginn 4. júní 1945.

Nr. 9/1945. **Alfreð Þórðarson** (Theódór B. Lindal)

gegn

Sigurði Magnússyni (Gústaf A. Sveinsson)

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Krafa um útburð manns úr leiguhúsnæði.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. janúar 1945. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða

dómi verði hrundið og breytt þannig, að uppsögn hans frá 29. júní 1944 á húsnæði stefnda, er í héraðsdómi greinir, verði dæmd gild og stefndi skyldaður til að vikja úr húsnæðinu. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins úr hendi áfrýjanda.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóvember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Alfreð Þórðarson, Grjótagötu 14 B hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu 16. f. m. gegn Sigurði Magnússyni, sama stað. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að siðarnefnd uppsögn hans á leigumála um húsnæði stefnds að Grjótagötu 14 B verði metin gild og stefndum verði gert að rýma húsnæðið nú þegar. Einnig hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að mati dómars.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómars.

Málavextir eru þeir, að á neðri hæð húss stefnanda nr. 14 B við Grjótagötu, hér í bæ, hefur stefndur í máli þessu haft íbúð á leigu um nokkurra ára skeið. Íbúð þessi er tvö litil herbergi og eldhús, og býr stefndur þar með konu sinni og fimm börnum, öllum ungum. Leigumálinn mun vera til óákveðins tíma og með venjulegum kjörum. Með bréfi, dagsettu 29. júní s. l., sagði stefnandi stefndum upp leigunni á íbúð þesari til brottflutnings 1. október s. l. og færði fram þær ástæður, að hann þyrfti nauðsynlega á húsnæði þessu að halda til eiginna afnota. Gildi uppsagnar þessarar var borið undir húsaleigunefnd Reykjavíkur, og með úrskurði, uppkveðnum 9. f. m., mat nefndin uppsögnina ógilda. Íbúð stefnanda er á stofuhæð hússins, og er hún þrjú herbergi, öll frekar litil, svo og eldhús, en í fjölskyldunni eru auk hans kona hans og fimm börn, 3, 7, 8, 13 og 14 ára að aldri. Dómkröfur sínar byggir stefnandi í fyrsta lagi á því, að íbúð sín sé svo litil, um 56 m³, fyrir fjölskyldu sína, að heilsuspillandi sé bæði and-

lega og líkamlega, og hefur stefnandi þessu til sönnunar lagt fram vottorð frá héraðslækninum í Reykjavík, dags. 21. sept. s. l. Í öðru lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að tvö elztu börn hans þurfi að stunda nám í vetur, en til þess að slíkt sé mögulegt, þurfi þau sérherbergi. Í þriðja lagi hefur stefnandi fært það fram, að kona sín sé heilsuveil og henni því nauðsyn að fá sér þjónustustúlku til aðstoðar við heimilisstörf, en slíkt sé ekki unnt, nema stúlku þessari yrði látið í té sérstakt herbergi. Með tilliti til alls þessa telur stefnandi, að hann hafi brýna nauðsyn fyrir aukið húsnæði samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 39 frá 1943, og beri því að taka dómkröfur sínar til greina.

Stefndur hefur mótmælt því, að stefnandi hafi brýna þörf fyrir aukið húsnæði í skilningi ákvæða 1. gr. húsaleigulaganna. Hefur hann mótmælt því, að börn stefnanda þyrftu á sérstöku herbergi að halda til lestrar, þar sem þau stundi ekki það nám, að slíks sé þörf. Þá hefur stefndur mótmælt því, að stefnandi hafi brýna þörf fyrir þjónustustúlku. Stefndur hefur enn fremur bent á, að íbúð sín mundi verða mjög óhentug fyrir stefnanda, þar sem ekki sé gengt innan húss milli íbúðanna, en á rishæð hússins sé bæði íbúð og herbergi, er leigt sé einhleypum, er séu hagkvæmari stefnanda, ef hann þyrfti á húsnæðisaukningu að halda, en því húsnæði hafi hann ekki hirt um að segja upp. Þá hefur stefndur haldið því fram, að íbúðarhúsnæði hafi verið aukið í húsinu á síðastliðnu sumri, en því húsnæði hafi verið ráðstafað til fólks óviðkomandi húseiganda.

Stefnandi hefur skýrt svo frá húsnæðisaukningu þessari, að fyrir um það bil tveimur árum hafi maður nokkur falast eftir að fá leigt geymsluherbergi, er stefnandi hafði á neðri hæð hússins, til þess að búa þar út íbúðarherbergi. Þar sem þetta hafi verið einasta geymsla sín, hafi hann ekki getað þetta, en síðar hafi orðið að samkomulagi við mann þenna, að hann gerði við gamalt útiþvottahús, er þar var á lóðinni, og byggði við geymslu, en fengi síðan geymsluherbergið í húsinu á leigu og mætti búa það til íbúðar. Þetta allt skyldi leigutakinn gera á eigin kostnað, en þó skyldi stefnandi leggja til mest efni. Hafi verk þetta síðan verið framkvæmt, og í júní s. l. sumar hafi herbergið verið tilbúið. Hafi þá unnusta manns þessa flutt í það og sé þar enn. Herbergi þetta sé 6 m² að stærð og mjög slæmt til íbúðar vegna raka.

Samkvæmt því, sem upp er komið í málinu, þá verður ekki annað séð, en að íbúð stefnanda sé sæmileg að öðru leyti en því, að húsrými er lítið. Það hefur enn fremur komið upp í málinu, að aðeins eitt barn stefnanda stundar nám í kvöldskóla, tvær stundir á kvöldi, fimm kvöld í viku, en ósannað er gegn mótmælum stefnds, að hin önnur börn hans stundi annað nám en venjulegt barnaskólanám. Að því er snertir sjúkleika konu stefnanda,

þá hefur læknir hennar vottað, að hún hafi ilsig á háu stigi og þurfi því að hlífa sér við áreynslu á fæturna, en um annan sjúkleika virðist ekki vera að ræða.

Það er að visu ljóst af því, sem upp hefur komið í málinu, að húsnæði stefnanda er lítið, en með tilliti til þess, er að framan greinir um heimilishagi hans, vottorðs héraðlæknis um hæfilegt loftrými fyrir fullorðna og börn, svo og þess, að ekki þykja færðar að því lögfullar sönnur gegn mótmælum stefnds, að stefnanda hafi borið nauðsyn til að ráðstafa áðurgreindri húsnæðisaukningu til óviðkomandi fólks, þá þykir að svo vöxnu máli ekki alveg næg ástæða til að telja, að stefnandi hafi svo brýna þörf á auknu húsnæði, að það heimili honum samkvæmt ákvæðum 1. gr. húsaleigulaganna að fá stefndan dæmdan til að rýma húsnæðið.

Málalok verða því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Sigurður Magnússon, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alfreðs Þórðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 6. júní 1945.

Nr. 37/1945. **Réttvísni** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Jóhanni Hermanni Júlíussyni

(Sveinbjörn Jónsson)

og

Sigurði Björnssyni (Lárus Fjeldsted).

Refsimál út af sjóslysi. Ómerking og heimvísun vegna rangrar meðferðar málsins.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu eru ákærðu sóttir til refsingar og gefið að sök, að þeir hafi í gáleysi valdið sjóslysi því, sem í héraðsdómi greinir, og þar með bana þriggja manna. Er hér um sakarefni að tefla, sem lýst er og refsing við lögð í 84. gr. sjómannalaga nr. 41/1930. Dómsmálaráðuneytið átti því